



341. Stjórnarfundur haldinn 4. nóv. 2009 kl:17:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá VÍS v/ tryggingar á innbúi, bréf frá UMFÍ v/ Fjölskyldan á fjallið, bréf frá Almari Þ Sveinssyni útibústjóra Landsbankans v/ styrkumsóknar varðandi sögusýningu og ritun á 80 ára sögu félasins. *Verkefnin styrkt um eitthundrað þúsund krónur. Aðalstjórn þakkar veittan stuðning.* Bréf frá Menningarráði Suðurnesja v/ styrkumsóknar félagsins á ritun á 80 ára sögu félasins. *Verkefnið styrkt um tvö hundruð þúsund krónur. Aðalstjórn þakkar fyrir stuðning.* Tölvupóstur frá formanni körfuknattleiksdeildar Kef Margeiri Elentínussyni v/ ósk um lán í stuttan tíma. *Ákveðið að verða við beiðni deildarinnar og framkvæmdastjóra falið málið.* Móttekið bréf frá Ólafi Ingiberssyni, bréf frá RSK v/sparnaðar í rekstri, bréf frá formanni knattspyrnudeildar v/ aðstöðu fyrir iðkendur á æfingasvæði við Reykjaneshöll. *Framkvæmdastjóra falið að senda inn bréf til ÍT og spyrjast fyrir um hvaða aðstöðu sé um að ræða.*

3. Send bréf.

Sendur tölvupóstur á stjórnarmenn deilda félagsins v/ jólablaðs 2009. Bókin 80 ára saga félagsins send á DV, Fréttablaðið, Morgunblaðið, RÚV og Eyjuna þar sem viðkomandi aðilar eru vinsamlega beðnir að taka bókina til umsagnar.

4. Jólablað 2009.

Samið hefur verið við Stapaprent ásamt Eðvarði T. Jónssyni um útgáfuna á jólablaði félagsins 2009. Blaðið kemur út 4. desember og verður dreift í Reykjanesbæ.

5. Sala á 80 ára sögu Keflavíkur

Samþykkt að útbúa plaköt vegna kynningar og sölu á afmælisriti félagsins 80 ára saga Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags.

6. Þing ÍRB.

Árþing ÍRB verður haldið 10 nóv. í félagsheimili Keflavíkur og hefst kl. 20:00. Keflavík á tíu þingfulltrúa. Ákveðið að aðalstjórn verði fulltrúar félagsins og að bjóða formanni knattspyrnu- og formanni sunddeildar að vera einnig fulltrúar okkar. *Framkvæmdastjóra falið að útbúa kjörbréfið.*

7. Önnur mál.

Rætt um þann sóðaskap sem hlýst af reykingum nemenda við FS við miðasöluskúr og salerni við Sparisjóðsvöllinn við Hringbraut. *Framkvæmdastjóra falið að ræða við skólameistara FS.*

Næsti fundur 18.11. '09

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30

Fundinn ritaði SG

